

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. september 1967.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar hafa eftirfarandi reglur verið settar um umferð á Akureyri:

- I. Norðurgata verður aðalbraut.
- II. Glerárgötu frá Geislagötu að Glerárbrú hefur verið skipt í akreinar.
- III. Bifreiðastöður eru bannaðar á Glerárgötu.

Umferðarmerki hafa verið sett upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 4. október 1967.

Ófeigur Eiríksson.